

**Ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**  
**Samkvæmt lögum nr. 18/1996 um erfðabreyttar lífverur**

Umhverfisstofnun
Ab. AB BP SA OAS
21 mars 2012
11.25.2
Tilv. US720/20200173

Reykjavík 14. mars, 2012

Ásgeir Björnsson  
Umhverfisstofnun  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

*Varðandi: Umsókn ArcticLAS, Krókhálsi 5d, dagsett 20. febrúar 2012, um afmarkaða notkun erfðabreyttra músa (Mus musculus) af stofni B612955-Angptl2<tm1Lex)*


Eftirfarandi umsögn var samþykkt af öllum viðstöddum meðlimum ráðgjafanefndarinnar, með þeim fyrirvara að úrgangur frá dýrunum verði meðhöndlaður eftir þeim hætti sem segir í umsögn. Á fundi þann 5. mars 2012 kom fram að eftirlitsaðili frá Umhverfisstofnun hafi tekið út öryggismál hjá fyrirtækinu og metið fullnægjandi.

**Umsögn samþykkt af ráðgjafanefnd um erfðabreyttar lífverur**

Starfsemin fellur undir reglugerð nr 276/2002 um afmarkaða notkun erfðabreyttra lífvera, annarra en örvera. Umsóknin er um leyfi fyrir afmarkaðri notkun erfðabreyttra músa. Tilgangur starfseminnar er að vinna að rannsóknum á erfðabreyttum músum sem ekki tjá genið fyrir angiopoietin like protein 2. Erfðabreyting músana g fjölgun þeirra er framkvæmd í Danmörku, en hún felst í því að rúmlega 800 basapörum var eytt úr Angptl2 genaröðinni og í stöð þeirra sett 5200 basapör sem mynda svokallaða „LacZ/Neo” valkasettu. Þessi tiltekna aðferð er mikið notuð í þessum tilgangi, að eyðileggja genaröð markgensins og fá þannig fram svokallaðar „knockout” mýs. Hjá ArcticLAS á Íslandi verða erfðabreyttu mýsnar fóðraðar með fituríku fæði og prófaður verður munurinn á sykurboli knock-out músanna og Wilde type músa.

Í umsókn (lið 10a) kemur fram að sag úr búrum músanna, sem inniheldur þvag og saur, verði urðaður, en að önnur lífsýni frá erfðabreyttu músunum, svo og skrokkar dýranna eftir að þau hafi verið aflífuð verði brenndir (fari í sorp merkt „söttmengað“). Í lið 11c kemur fram að „úrgangur frá þessum dýrum skal meðhöndla sem sóttmengaður væri“. Ráðgjafanefndin telur hér vera ákveðna þversögn í umsókn hvað varðar meðferð úrgangs. Ráðgjafanefndin leggur til að reglur varðandi meðferð úrgangs hjá framleiðslufyrirtæki í Danmörku verði skoðaðar og að reglur varðandi upphald þeirra hér á landi verði samsvarandi.

Ráðgjafanefndin hefur kynnt sér umsóknina. Eftirlitsaðili UST hefur gert nefndinni grein fyrir aðstöðu og öryggismálum hjá fyrirtækinu á fundi nefndarinnar þann 5. mars sl. Ráðgjafanefndin leggur einróma til að leyfi verði veitt, með þeim skilyrðum að meðferð úrgangs verði skýrður betur og aðlagður að ströngustu kröfum framleiðslulands músanna.

Virðingarfyllt  
  
Ragnhildur Sigurðardóttir